

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, B-áfangi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 1. nóvember 2016 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Krossaneshaga, B-áfangi.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur stækkar á lóð nr. 3 við Ægisnes. Vestan við lóðina breytast skipulagsmörk B-áfangans.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. nóvember 2016,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 3. nóvember 2016